

Jónas Jónsson, kennari

Afhending 2016/133

Jónas Jónsson fæddist 1. júní 1901 í Brekknakoti í Reykjahverfi í Suður-Pingeyjarsýslu og lést 12. janúar 1982. Foreldrar hans voru Jón Frímann Jónsson og Hólmfríður Jónsdóttir. Hann var næstyngstur átta systkina.

Jónas kenndi sig ætíð við fæðingarbæinn sinn. Fyrst gekk hann í unglingaskóla á Breiðumýri í Reykjadal og í íþróttaskóla Sigurðar Greipssonar. Hann fór í lýðháskóla í Svíþjóð, sótti fimleikanámskeið í Danmörku og tók kennarapróf 1940. Hann varð fyrsti barnakennari á Tjörnesi og síðan á Húsavík og var þar skólastjóri eitt ár, kennari og skólastjóri í Stykkishólmi og kennari á Akureyri frá 1943 til starfsloka og kenndi fimleika, íþróttir og þjóðdansa í Pingeyjarsýslum og Eyjafirði. Jónas var virkur í ungmennafélagshreyfingunni og í íþróttafélögum. Hann var í Karlakór Akureyrar og formaður hans í mörg ár. Hann skrifaði í blöð og tímarit, flutti útvarpserindi og fyrirlestra.

Hann var kvæntur Borghildi Einarsdóttur, f. 1. nóvember 1927. Þau gengu í hjónaband 1954 og áttu tvö börn.

Það var Borghildur Einarsdóttir sem afhenti gögnin. Aðrar afhendingar frá Jónasi eru 2006/38 og 2013/76.

Akureyri 13. júlí 2020

Brynjar Steinn Gylfason

Héraðsskjalasafnið á Akureyri

Geymsluskrá

Skrán.nr.	Örk	Efni	Ath.
A-Jónas Jónsson			
A-Jónas Jónsson		1917- 1946	
Jónas Jónsson (1901-1982), kennari			2016 / 133
2016 -	A/1 1	1917- 1939	Dagbók 32 x 20 cm
2016 -	A/1 2	1943- 1946	Dagbók 32,5 x 22 cm
2016 -	A/2 1	1917- 1946	Kennslugögn:, teikningar, kort til að fylla út með sýslunöfnum og staðarnöfnum, lesgreinar handa nemendum og verkefnalýsingar. 32 x 25 cm